

STÉTTARFÉLAGIÐ ÞITT

Veist þú í hvaða stéttarfélagi þú ert? Það er mikilvægt að vita hvaða stéttarfélag sér um hagsmunamál þín. Ef þú veist ekki í hvaða stéttarfélagi þú ert, ekki hika við að spyrja til hvaða verkalýðsfélags þú greiðir. Það tryggir hagsmuni þína.



Verið velkomin á skrifstofur okkar á Akureyri, Dalvík og Siglufirði

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

8

VERKTAKAR

Því miður eru verktakasamningar að verða æ algengara form vinnu. Hafa ber í huga að verktakar njóta ekki þeirrar verndar sem lög og kjarasamningar tryggja launafólki. Verktakar fá ekki laun þegar þeir fara í sumarfrí, ekki heldur þegar þeir eru veikir eða slasast. Þeir þurfa sjálfir að borga ýmislegt annað sem atvinnurekendur greiða, t.d. tryggingar, opinber gjöld og í lífeyrissjóð.

Laun verktaka þurfa að vera um 40 til 70% hærri en launafólks til þess að verktaki hafi sambærileg réttindi og laun.

Varastu verktakasamninga. Þeir eru í flestum tilvikum óhagstæðir launafólki.

ein@ein.is

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

9

LAUNASEÐLAR

Öllum launagreiðslum skal fylgja launaseðill. Við hvetjum þig til að skoða hann vel og ef þú telur að launaseðill þinn sé ekki réttur eða þú skilur hann ekki, hafðu þá samband við trúnaðarmann eða stéttarfélag. Geymdu launaseðilinn.

Þetta á að koma fram á launaseðli:

Nafn launamanns og kennitala
Nafn launagreiðanda og kennitala
Launatímabil
Taxti (dagvinna, yfirvinna, bónus)
Fjöldi vinnustunda
Orlof
Lífeyrissjóður
Viðbótarlífeyrissjóður
Opinber gjöld
Persónuafsláttur
Félagsgjöld
Samtals laun
Samtals frádráttur
Útborguð laun

www.ein.is

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

11

JAFNAÐARKAUP

„Jafnaðarkaup“ er ekki til í kjarasamningum. Dæmi eru um að atvinnurekandi hafi samið við starfsmenn um greiðslu jafnaðarkaups. Ef þér er sagt að það sé viðtekin venja hjá fyrirtækinu að greiða fólki jafnaðarkaup þá skalt þú fá forsendur útreikninga og kanna þá vel.

Reynsla okkar hjá verkalýðshreyfingunni er sú að forsendur útreikninga eru oft rangar. Þannig er það vel þekkt að ungu fólki er boðið jafnaðarkaup og síðan vinnur viðkomandi einungis um kvöld og helgar. Þá tapar launamaður á jafnaðarkaupi.

MINNISLISTI

Upplýsingar um kjaramál færðu á www.ein.is

Geymdu launaseðlana þína. Með þeim getur þú sannað réttindi þín. Kjarasamningar tryggja þér lágmarksrétt. Allir nýir starfsmenn eiga að gera skriflegan ráðningarsamning. Fyrir félagsgjaldið færðu ýmsa þjónustu frá stéttarfélaginu: Þú getur sótt um að leigja orlofshús. Þú getur sótt um fræðslustyrk. Þú getur fengið aðstoð í veikindum Þú átt að fá yfirlit yfir greiðslur í lífeyrissjóð Jafnaðarkaup er ekki til í kjarasamningum. Verktakar njóta ekki sama réttar og launafólk.

Eining-Íðja • Skipagata 14 • 600 Akureyri
www.ein.is • 460 3600 • ein@ein.is



veistu hvað við getum gert fyrir þig?

12

1

LÁTTU EKKI PLATA ÞIG

Í þessum bæklingi getur þú lesið þér til um helstu réttindi fólks í atvinnulífinu. Hér koma einnig fram upplýsingar um hvar hægt er að leita frekari svara við algengum spurningum sem kunna að vakna þegar fyrstu skrefin eru stigin á vinnumarkaðinum.

Þegar fólk ræður sig til vinnu nýtur það ákveðinna kjara sem samið hefur verið um í kjarasamningum milli stéttarféлага og atvinnurekenda. Í sumum tilvikum gilda landslög.

Sjá nánar á www.ein.is

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

2

UNGT FÓLK Á VINNUMARKAÐI

Það gerist ósjaldan þegar ungt fólk fær í hendur sinn fyrsta launaseðil að það skilur hvorki upp né niður í honum. Á launaseðlinum koma fram margvíslegar upplýsingar sem erfitt getur verið að átta sig á.

Einstaka sinnum kemur það líka fyrir að fólk sem ræður sig til vinnu, fær ekki það sem því ber samkvæmt lögum og kjarasamningum. Reynslan sýnir að meginástæðan fyrir slíkum brotum er oftast nær vanþekking atvinnurekenda og launamanna á réttindum launafólks.

Vonandi getur þú, eftir að hafa lesið bæklinginn, gert þér betri grein fyrir réttindum þínum, hvort sem þú ert í sumarvinnu, aukavinnu eða í fullu starfi.

www.ein.is

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

3

RÁÐNINGARSAMNINGUR

Ákvæði kjarasamninga gera ráð fyrir að allir starfsmenn fái kjör sín staðfest skriflega. Þar þarf að koma fram ráðningartími og eftir hvaða kjarasamningi kaup og kjör eigi að fara.

Mikið öryggi felst í því að hafa undir höndum skriflega staðfestingu ráðningar. Ef upp kemur ágreiningur þá getur ráðningarsamningur skipt öllu máli.

Á skrifstofu stéttarfélags þíns er hægt að fá frekari upplýsingar um gerð skriflegra ráðningarsamninga og sérstök eyðublöð til að gera slíka samninga.

MENNTUN

Stéttarfélög hafa á sínum snærum öflugum fræðslusjóði. Þú getur sótt um styrki ef þú ætlar að fara á námskeið eða vilt stunda nám með vinnu.

Kostir menntunar eru ótvíræðir:

Aukið atvinnuöryggi.
Fleiri möguleikar á skemmtilegu og góðu starfi.
Betri laun.
Aukið sjálfstraust.
Meiri áhrif.

AÐ SÆKJA UM VINNU

Þegar sótt er um vinnu er rétt að gera sér grein fyrir því að þú ert í raun að selja vöru. Vinna er vara sem atvinnurekandi kaupir. Mundu að enginn vill kaupa gallaða vöru.

Að spyrja um kaup og kjör, réttindi og skyldur:
Þú átt að vita á hvaða verði þú selur vinnuna þína.
Þú verður líka að vita hvaða störfum þú átt að sinna.
Þú verður að vita hverjar skyldur þínar eru.

ein@ein.is

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

460 3600

6

KJARASAMNINGAR

Á vinnumarkaði eru í gildi ýmis lög og reglur sem eiga að auðvelda samskipti rétt eins og í umferðinni. Virðing og tillitssemi skipta máli á báðum stöðum. Þar má finna ákvæði um réttindi og skyldur launafólks.

Kjarasamningar tryggja lágmarksréttindi. Þú getur samið um meiri rétt en getið er um í samningum. Kjarasamningar geta verið misjafnir.

Ef þú ert í vafa um réttindi þín skaltu ekki hika við að leita eftir upplýsingum.

LÁTTU
EKKI
PLATA
ÞIG

7